

**57 Brjef stjórnarráðsins til biskups um flutning Háfskirkju.**

5. maí

Eftir ósk hlutaðeigandi sóknarnefndar og löglegrí ályktun hjeradsfundarins í Rangárvallaprófastsdæmi skal stjórnarráðið samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í brjefi, dagsettu 28. f. m., og með skirskotun til 4. gr. í lögum nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla, hjermeð veita leyfi til þess að söfnuðurinn í Háfssókn megi færa sóknarkirkju sína frá Háfi að Hábae í Þykkvabæ.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

**58 Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Suður-Múlasýslu um flutning**

26. maí þingstaður.

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í brjefi, dags. 28. f. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Vallahreppi, veitir stjórnarráðið hjermeð samþykki sitt til þess að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Höfða að Ketilsstöðum, með því skilyrði, að hreppsnefndin annist um að til verði jafnan á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

**59 Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Húnavatnssýslu um skifting Torfa-**

27. maí lækjarhrepps í tvö sveitarfjelög.

Með brjefi yðar, herra sýslumaður, dags. 28. f. m., hefir hingað borist erindi frá hreppsnefndinni í Torfalækjarhreppi um skifting þessa hrepps í tvö sveitarfjelög, ásamt meðmælum sýslunefndar með því, að skiftingin verði leyfð.

Útaf þessu skal hjermeð, samkvæmt sveitarstjórnarlögum 10. nóvbr. 1905, skipað svo fyrir sem hjer segir:

1. Torfalækjarhreppi í Austur-Húnavatnssýslu skal skift í tvö sveitarfjelög þannig, að Blönduósskaupún verði hreppur út af fyrir sig og nefnist Blönduósshreppur, með þessum takmörkum: Bein lína úr Draugagili í Hnjúkabæ, alt að merkjum þeirrar jarðar að neðan og þaðan út í Blöndu; á aðra vegu Blanda og Húnaflói. Hinn hreppurinn nái yfir hið annað svæði hins núverandi hrepps, og haldi nafninu Torfalækjarhreppur.
2. Öllum eignum, skuldum og sveitarþyngslum hins núverandi Torfalækjarhrepps, þeim er verða þegar skiftingin fer fram, skal skift til helminga milli hinna nýju hreppa, og eftir sama hlutfalli skal skifta sveitarþyngslum þeim, sem síðar kunna til að koma, og eiga rót sína í fjelagsskap þeim, sem hingað til hefir átt sjer stað milli hinna nýju hreppa. Þó skal barnaskólahúsið »Til-

raun« vera óskift eign skólahjæraðsins, eða kaupþúnsins, sem ber alla ábyrgð á borgun hússins. **59**

3. Aðskilnaður hreppanna skal fram fara þegar er hreppsnefndir hafa verið kosnar í hvorum hinna nýju hreppa, og skulu vera 3 hreppsnefndarmenn í hvorum þeirra, en þær skulu síðan framkvæma skiftinguna á eignum, skuldum og sveitarþyngslum, en verði ágreiningur út af skiftingunni, skal úr honum skorið af sýslunefnd, er einnig skal kveða á um fjallskil og afrjetti.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til frekari aðgerða og birtingar, að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipan er engin breyting gerð á hinum forna Torfalækjarhreppi sem dómpinghá nje manntalspinghá.

**Brjef stjórnarráðsins til biskups um flutning Garðakirkju á Alftanesi.**

**60**

Samkvæmt ósk sóknarnefndarinnar í Garðasókn í Kjalarnesprófastsdæmi og að undangengnum öðrum undirbúningi, veitir stjórnarráðið hjermeð eftir tillögum hlutaðeigandi prófasts og yðar, háæruverðugi herra, og með skirskotun til 4. gr. í lögum nr. 45, 16. nóvbr. 1907, um skipun prestakalla, leyfi til þess að Garðakirkja á Alftanesi verði flutt til Hafnarfjarðarkaupstaðar, þó því aðeins, að þessa árs hjeráðsfundur Kjalarnesprófastsdæmis samþykki kirkjuflutninginn. **19. júní**

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

**Brjef stjórnarráðsins til biskups um makaskifti á prestssetrinu Stóranúp og jörðinni Skarði í Hrepphólasókn.**

**61**

**8 júlí**

Eftir að stjórnarráðinu hafði borist brjef yðar, háæruverðugi herra, dags. 9. febr. þ. á., hefir Hans hátign konunginum samkvæmt allraþegnsamlegustum tillögum ráðherra Íslands hinn 7. apríl þ. á. allramildilegast þóknast að samþykkja að makaskifti megi hafa á prestssetrinu Stóranúp með hjáleigunni Minnanúp innan Árnesprófastsdæmis og jörðinni Skarði í Hrepphólasókn í sama prófastsdæmi gegn 1610 kr. milligjöf, þannig að Stórinúpur verði framvegis skoðaður sem bændaeign að því er gjaldskyldu snertir, en Skarð verði sem aðrar kirkjujarðir.

Þetta tilkynnist yður hjermeð til leiðbeiningar og frekari birtingar fyrir hlutaðeigendum.